

GENERAL ASSEMBLY MÍLANÓ 2015

SKÝRSLA UM EFNI FUNDARINS (FERÐARINNAR)

Höfundar: Herdís Hallmarsdóttir og Fríður Esther Pétursdóttir

FERÐIN

Flogið var út til Mílanó laugardaginn 6. júní með Wow air. Þess ber að geta að fundarmenn áttu báðir flugmiða til Mílanó og HRFÍ bar einungis kostnað af breytingu á farseðlum frá þriðjudegi fram til laugardags auk hótelnkostnaðar á meðan á fundarhöldum stóð. Komið var seint á sunnudagskvöldi og gíst á hótelinu Klima hótél í útjaðri borgarinnar. Á hótelinu fóru fundirnir fram, fyrst fundur Europe section á sunnudeginum og síðan General Assembly mánudag og þriðjudag.

Auk fundanna var kvöldverður í boði ítalska hundaræktarfélagsins sunnudags- og mánudagskvöld.

FUNDUR EUROPE SECTION

Þessi fundur sem fram fór eftir hádegi á sunnudeginum 7. júní var undirbúningur að fundum næstu tveggja daga. Í raun var hlaupið hratt yfir dagskrá næstu tveggja daga og helstu tillögur ræddar. Í Europe Section eiga nú sæti fjöldi ríkja og það var ljóst að málefni sem mönnum voru hugleikin voru ekki rædd á fundinum sjálfum eins og okkur var tjáð að væri venjan og er það lýsandi fyrir óróa sem ríkir innan FCI í dag.

Því var aðallega rædd tillaga stjórnar FCI um að setja reglu sem leyfir samtökunum að bregðast við og refsa þeim aðildarmeðlimum sem sífellt brjóta reglur FCI en það mun vera orðið að vandamáli innan samtakanna.

GENERAL ASSEMBLY

Fundurinn stóð frá kl. 9 til 19 bæði mánudag og þriðjudag.

Að venju var í upphafi fundar nafnakall. Þá var lögmati fundarins kannað og fundargerð síðasta fundar samþykkt. Í framhaldinu ávarpaði forseti FCI fundinn og síðan las framkvæmdastjóri samtakanna sína skýrslu.

Forseti FCI vitnaði í ávarpinu til góðra orða Ghandi: „The greatness of a nation & its moral progress can be judged by the way its animals are treated“ Þessi orð hittu vel í mark á þessum fundi enda urðu helstu breytingar á reglum samtakanna til að bregðast við þegar aðildarríki brjóta gegn reglum samtakanna og þá aðallega reglum er varða dýravernd. Það er líka áberandi innan FCI ólíkt viðhorf til hundahalds og sýninga. Í raun telja frændþjóðir okkar (NKU meðlimir) okkur lítið eiga sameiginlegt með mörgum aðildarríkjum FCI og það ríkir órói.

Næst á dagskránni var samþykkt ársreiknings og samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. FCI hefur lokið við nýbyggingu viðbyggingar á skrifstofu þeirra í Thuen.



Viðbyggingin hefur ma. að geyma fundarherbergi, safn og bókasafn. Þrátt fyrir kostnað af framkvæmdum er örlítill hagnaður af starfsemi FCI árið 2014. Engin lán voru tekin og samtökin skulda ekkert. Stjórn FCI hefur áhyggjur af rekstrarforsendum næstu ára. Þannig telja þeir nauðsynlegt að bæta við starfsfólki og hafa áhyggjur af því að styrktarsamningum verði sagt upp. Vegna þess var lögð til hækkun á gjaldtöku fyrir alþjóðlegar sýningar um 12%, eða úr 2,15 evrum í 2,40 evrur á hvern skráðan hund. Þessi tillaga var samþykkt með meirihluta atkvæða. Það er ljóst að þetta mun ennfrekar auka kostnað við Alþjóðlegar sýningar HRFÍ.

Því næst var kosið í aðalstjórn FCI, þar fengu kosningu R.de Santiago (PR), K.Järvinen (FI), M.A.Martinez (AR), en S.Stefik gekk úr stjórn. Aðrir í framboði voru R.Kazlauskaitė (LT), D.Skok (HR), G.Perosino (IT). Rafael De Santiago var í fyrstu umferð einn sem fékk meirihluta atkvæða og var því kosið að nýju. Í seinni umferð fóru inn K.Järvinen og M.A.Martine. Við kusum líkt og hinar NKU þjóðirnar Kari Järvinen.

Rafael De Santiago var einn tilnefndur sem forseti og var sú tilnefning til næstu 2 ára staðfest með lófaklappi.

Næst fór fram kosning í Mandatory Commissions, bæði Standards Commission (Staðla og Ættbókarnefnd) og Scientific Commission (Vísindanefnd). Í Standards Commission fengu kosningu J.Nallem (UY), R.Oliveira (PT), F. Asnaghi (IT) og P.Muntean (RO). Aðrir í framboði voru P.Heikkinen-Lehkonen (FI) og E.Maniero Trovati (PE). Í Scientific Commission voru sjálfkjörnir K.Sainio, G.Leroy, Z.Trainin.

Kosið var um skoðunarmann og varamann, kosningu fengu D. Julián Hernández (SP) og D.Skok (HR) (varamaður), aðrir í framboði voru N.-E.Ahmansson (SE).

Því næst fluttu nefndir FCI skýrslur sínar en við fengum skýrslur þeirra rafrænt og munum vinna að því í framhaldinu að koma þeim áleiðis innan félagsins okkar þar sem þær geta nýst. Um er að ræða eftirfarandi nefndir (á ensku): Standards Commission, Scientific Commission, Show Judges Commission, Show Commission, Rescue Dogs Commission, Utility Dogs Commission, Hounds Commission, Agility Commission, Obedience Commission, Continental Pointers Commission, British Pointers Commission, Sledge Dogs Commission, Commission for Sighthound Races, Spaniel Commission, Breeding Commission, Flyball Commission.

Kosið var um inngöngu þriggja nýrra aðila (full membership) og voru þeir allir samþykktir. NKU þjóðirnar kusu gegn inngöngu. Nýir aðilar í FCI eru Nicaragua, Azerbaijan og Macedonia. Á sama hátt voru samþykktir tveir nýir aukaaðilar (associate membership), það eru Tyrkland og Kyrgyztan.

Kosið var um hvar halda ætti heimsýninguna (World Dog Show) 2019 og 2020. Niðurstaða fundarins var að 2019 yrði hún haldin í Shanghæ Kína og 2020 í Madrid á Spáni. Löndin sem ekki fengu kosningu voru Króatía og Þýskaland. Við kusum eins og önnur NKU lönd að halda ætti heimsýninguna í Þýskalandi.

Það voru alls 12 lagabreytingatillögur til umfjöllunar á fundinum, ellefu voru samþykktar en ein felld. Hún kom frá Frakklandi og fól það í sér að ættbækur yrðu bara gefnar út í löndum þar sem hvolpar fæddust. Fundarmönnum þótti tillagan ruglingsleg og geta stangast á við núgildandi reglu um að útgáfa fylgdi skráningu tíkar. Aðallega fjölluðu tillögurnar um tæki fyrir General Commission og General Assembly til að bregðast við því þegar aðildarríki eða einstaklingar í stjórn brytu af sér. Eins voru settar lágmarkskröfur varðandi CAC og eins tillögur er komu frá Breedings Commission og varða skýrleika og kröfur til ættbóka. Þá voru gerðar breytingar á reglum er varða samþykktir á nýjum hundakynjum hjá Samtökunum.

Samþykktar voru tvö ný hundakyn frá Rúmeníu, en það eru fjárhundarnir Ciobanesc Românesc Carpatin (350), Ciobanesc Românesc Mioritic (349). Þá var samþykktur hundur (e. primitive – group 5) frá Taiwan - sem heitir í höfuðið á landinu sínu, Taiwan Dog (348). HRFÍ fékk eins og aðrir fundarmenn að gjöf kynningarmyndband af tegundinni og er það að finna á skrifstofu félagsins.

Kosið var um nokkrar tillögur sem bárust frá aðilum. Þýskaland lagði til að eftirfarandi texta mætti fjarlægja úr ræktunarmarkmiðum:

„Only functionally and clinically healthy dogs typical of the breed are to be used for breeding.“

Tillögunni var hafnað enda mótmælti fulltrúi Breeding Commission (Vísindanefndar) henni – þar sem þetta væri grundvallarregla sem væri mikilvæg og ætti heima sem víðast.

Frakkland lagði til að leyfa Vinnumeisturum að vera skráðir í Meistaraflokk á Alþjóðlegri FCI sýningu. Þessi tillaga var felld.

Belgía lagði til að stofnaðar yrðu nefndir (Commissions) fyrir hundadans og sýnendur. Samþykkt var að stofna nefnd fyrir hundadans en hafnað að stofna sérstaka deild fyrir sýnendur þar sem fundarmönnum fannst slík nefnd senda röng skilaboð, þannig sé sýning hunda áhugamál og leggja eigi frekar áherslu á ræktendur og eigendur hunda en sýnendur þeirra.

Ísland í félagi með hinum NKU löndunum lögðu til að fundurinn samþykktii tilmæli (recommendations) til stjórnar FCI um ákveðna forgangsröðun á næstu tveimur árum. Tilmælin fylgja skýrslunni. Með þeim er ekki ætlunin að binda hendur stjórnar heldur er um að ræða tilmæli um að ákveðin málefni séu tekin á dagskrá og rædd. Tilmælin voru samþykkt. Það er okkar mat að þarna endurspeglar áhyggjur okkar hjá NKU um þá þróun sem átt hefur sér stað í Samtökunum.

Austurríki lagði til að samræmdar Veiðiprófareglur yrðu staðfærðar og betur yrði tekið tillit til reglna heimaríkjanna. Þannig væru reglur sem varða veiði og dýravernd mjög mismunandi og eins aðstæður mismunandi til veiða. Þá er misjafnt hvaða bráð er notuð og eins mismunandi hefðir og aðferðir viðhafðar eftir löndum.

Þá var starf Ungmennadeildar (FCI Youth) kynnt á fundinum. Við bendum á kynningu á hjálagðri slóð: <http://www.fci.be/en/FCI-Youth-Presentation-115.html> Í innganginum var lögð áhersla á að þetta væri ekki bara ungir sýnendur (e. Junior Handlers) – vinna þeirra væri fólgin í fleiru. Þau veita ungmennastarfi í hverju landi aðstoð að starfa á öllum sviðum hundameningarinnar. Markmiðið er að auka þekkingu hjá öllum aðildarfélögum til lengri tíma. Allir fundarmenn fengu afhentan minnislykil með gögnum og aðgerðarplani frá samtökunum og munum við koma því áleiðis til stjórnar Ungmennadeildar HRFÍ. Þá gátum við gefið upp nafn og tengilið við Ungmennadeild HRFÍ og óskað eftir að FCI Youth hefðu samband við hana.

AÐRIR MINNI FUNDIR.

Fríði gafst tími til að eiga fund með framkvæmdastjóra Finnska klúbbsins til að ræða um tölvukerfið. Okkur stendur enn til boða aðgangur að kerfinu en því miður verður því ekki hrint í framkvæmd fyrr en í fyrsta lagi í lok árs eða snemma á næsta ári. Ástæðan er annríki vegna leigu kerfisins til Ítalska félagsins og notkunar þess á heimsýningunni. Ýmis atriði er varðar aðlögun kerfisins þurfti að bíða þar til sýningunni lauk og fyrst eftir að þeirri vinnu lýkur verður hægt að vinna að þessu með finnska félaginu.

Það var líka ánægjulegt fyrir nýjan formann að kynnst formönnum annarra aðila sem og fyrirsvarsmönnum FCI. Þá kynntu sig fyrir okkur nokkrir dómara, sem gæti verið áhugavert að bjóða að dæma heima, en þeim verður komið áleiðis til sýningastjórnar.

Mílanó 9. júní 2015.

Herdís Hallmarsdóttir, formaður stjórnar HRFÍ.

Fríður Esther Pétursdóttir, framkvæmdastjóri HRFÍ.